



Rannsóknarmiðstöð
um stjórnarhætti

Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum

Leiðbeiningar um mat á stjórnarháttum íslenskra fyrirtækja

Viðurkenning: Leiðandi fyrirtæki í góðum stjórnarháttum

Rannsóknarmiðstöð í stjórnarháttum við Háskóla Íslands, Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins og Nasdaq OMX Iceland hf. hafa tekið höndum saman um að veita fyrirtækjum viðurkenningu sem „Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum“ (Excellence in corporate governance). Þessi viðurkenning er fyrst og fremst veitt til þess að ýta undir umræður og aðgerðir sem efla góða stjórnarhætti. Markmiðið er að viðurkenningin auki trúverðugleika og gagnsæi stjórnarháttanna fyrirtækja gagnvart hluthöfum og öðrum hagsmunaaðilum.

Byggt á Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja

Til grundvallar á mati á stjórnarháttum íslenskra fyrirtækja er ritið *Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja* sem gefið er út af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq OMX Iceland hf. Til hliðsjónar eru erlendar leiðbeiningar og fræðileg umræða um góða stjórnarhætti.

Mat fyrir innri uppbyggingu og trúverðugleika

Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum er fyrirtæki sem nýtir sér góða stjórnarhætti sem tæki til þess að efla skilvirkni og ákvörðunartöku stjórnar og framkvæmdastjóra. Fyrirmyndarfyrirtæki vill jafnframt skapa trúverðugleika gagnvart hluthöfum og öðrum hagsmunaaðilum með því að sýna að það er til fyrirmyndar hvað varðar góða stjórnarhætti.

Áhersla á innri uppbyggingu annars vegar og trúverðugleika góðra stjórnarháttanna hins vegar felur það í sér að mat á stjórnarháttum sé tví þætt. Annars vegar felur það í sér sjálfsmat stjórnar og framkvæmdastjóra og hins vegar mat viðurkenndra úttektaraðila á stjórnarháttum fyrirtækisins. Smærri fyrirtæki (færri en 100 starfsmenn) þurfa ekki að nota viðurkennda úttektaraðila. Mat óháðra aðila er fyrst og fremst til þess að fá staðfestingu á stjórnarháttum fyrirtækis og viðeigandi gögnum sem eru notuð til að leggja áherslu á góða stjórnarhætti fyrirtækis. Viðurkenndir úttektaraðilar eru viðurkenndir hjá Rannsóknarmiðstöð í stjórnarháttum og Viðskiptaráði Íslands.



Rannsóknarmiðstöð
um stjórnarhætti

Mat á hlutverki, verkefnum, fólki, ferlum og skipulagi


Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum er metið út frá líkani sem felur í sér skoðun á hlutverki stjórnar, verkefnum, stjórnarmönnum, starfsháttum og skipulagi stjórnar. Í Fyrirmyndarfyrirtæki þá vinna þessir fimm meginþættir saman sem ein heild sem þýðir að það verður að vera samhengi á milli þessara þátta og þeir styðja hvern annan.

Matið felur í sér að fyrirtæki svari spurningum um stjórnarhætti og fái óháða aðila til að votta að stjórnarhættir séu í raun í samræmi við yfirlýsingarnar. Dæmi um efnisatriði um hvern flokk eru eftirfarandi:

Hlutverk stjórnar

- Er hlutverk stjórnar skilgreint?
- Hvernig lítur stjórn á hlutverk sitt?
 - o Eftirlitsstjórn
 - o Ráðgjafarstjórn
 - o Stefnumótandi stjórn
- Hefur stjórn skilgreint hvernig hún ætlar að vinna með framkvæmdastjóra?
- Hefur stjórn skilgreint hvernig hún ætlar að hafa eftirlit með framkvæmdastjóra?
- Hafa valdsvið og ábyrgð stjórnar, stjórnarformanns og framkvæmdastjóra verið skilgreind?

Þættir til mats á Fyrirmyndarfyrirtæki í stjórnarháttum





Rannsóknarmiðstöð
um stjórnarhætti

Verkefni stjórnar

- Eru verkefni stjórnar í samræmi við hlutverk stjórnar?
- Hver eru verkefni stjórnar og hvernig er þeim forgangsraðað?
- Er framkvæmt árangursmat og hvernig er því háttað?
 - o Árangursmat á framkvæmdastjóra
 - o Árangursmat á stjórnarformanni
 - o Árangursmat á stjórnarmönnum
 - o Árangursmat á stjórn
- Hvernig er upplýsingagjöf til hluthafa og annarra hagsmunaaðila háttað?
 - o Upplýsingar á hluthafafundum
 - Fundargerðir
 - Uppfærð hluthafaskrá
 - o Framkvæmd hluthafafundar
 - Boðun funda
 - Framboð til stjórnar
 - o Upplýsingar í ársreikningi
 - Hlutverk stjórnar og upplýsingar um stjórnarhætti fyrirtækisins
 - o Upplýsingar á Fyrirtækjagátt Ví
 - o Upplýsingar á heimasíðu
 - o Tilkynningar til hluthafa og annarra hagsmunaaðila
- Fer stjórn reglulega yfir áhættuþætti og lætur gera áhættumat á rekstrinum?

Skipulag stjórnar

- Er skipulag stjórnar í samræmi við hlutverk stjórnar?
- Er gott skipulag á stjórnarfundum?
 - o Hvernig er boðun funda?
 - o Er dagskrá í fundarboði?
 - o Hverjum er boðið á fundi?
 - o Hver er tíðni funda?
 - o Hver er lengd funda?
 - o Hvernig er haldið utan um fundargerðir?
 - Hvað inniheldur fundargerð?
 - Hvenær fá stjórnarmenn fundargerð?
 - Eru fundargerðir undirritaðar?
 - Eru fundargerðir aftur í tímann aðgengilegar?
 - o Hversu formlegir eru stjórnarfundir?



**Rannsóknarmiðstöð
um stjórnarhætti**

- Hvað er aðgengi stjórnar að upplýsingum?
 - Fær stjórn allar upplýsingar sem stjórnarformaður fær?
 - Fær stjórn upplýsingar frá fleiri aðilum en framkvæmdastjóra?
 - Hvernig eru upplýsingar settar fram fyrir stjórn?
 - Hvernig er spurningum stjórnarmanna svarað?
- Er stjórnarformaður í sambandi við stjórnarmenn utan stjórnarfunda?
 - Hvernig er haldið utan um þau samskipti?
- Hvernig er notkun stjórnar á óháðum ráðgjöfum eða álitsgjöfum?
- eru ársreikningar, skýrslur endurskoðenda og innri endurskoðendar aðgengilegar?
- Starfar stjórn með innri endurskoðenda og er hlutverk hans skilgreint?
- Hvaða nefndir starfa undir stjórninni, hverjir eru í nefndunum og hvernig starfa þær með stjórninni?
 - Er endurskoðunarnefnd
 - Er starfskjaranefnd
 - Er starfskjarastefna
 - Er tilnefningarnefnd

Stjórnarmenn

- eru stjórnarmenn hæfir til þess að framfylgja hlutverki stjórnar?
 - Bagrunnur stjórnarmanna – þekking, reynsla og hæfni
- Á hvaða forsendum er stjórnarformaður valinn?
- Hversu mikið vinnur stjórnarformaður fyrir fyrirtækið?
 - Hvaða störf vinnur hann fyrir fyrirtækið?
 - Hvaða störf vinnur hann fyrir tengda aðila?
- eru stjórnarmenn í umboði ákveðinni hagsmunaaðila?
 - Fulltrúar hvaða hagsmunaaðila eru í stjórn?
- Hverjir eru óháðir stjórnarmenn?
- Hvernig er samsetningu stjórnar háttað?
 - Aldur
 - Þekking
 - Reynsla
 - Kynjahlutfall 40/60
- Hver er nýliðun stjórnar og hefur stjórn stefnu varðandi nýliðun í stjórn?
- Hvernig eru nýjir stjórnarmenn þjálfaðir?
 - Hvaða upplýsingar fá þeir?



Rannsóknarmiðstöð
um stjórnarhætti

Starfshættir stjórnar

- Eru starfshættir stjórnar í samræmi við hlutverk stjórnar?
- Eru til starfsreglur stjórnar?
 - o Hvernig er þeim framfylgt?
- Hvað er ákvörðunarferli stjórnar?
- Hefur stjórn viðmið varðandi samfélagslega ábyrgð?
- Hefur stjórn sett sér siðareglur og reglur um viðskiptahætti?